

Akureyri 12.04.2018.

Til bæjarstjóra og bæjarstjórnar Ísafjarðabæjar.

Erindi: Samningur um einn vinnudag, vinnuskóla Ísafjarðabæjar í Raggagarði tímabilið 18-29 júní 2018.

Raggagarður, fjölskyldugarður Vestfjarða í Súðavík óskar eftir samstarfi sumarið 2018 um að krakkarnir í vinnuskóla Ísafjarðabæjar komi í Raggagarð og vinni þar við að hreinsa garðinn einn dag í fjóra og hálfu vinnu stundir að meðtöldu kaffihléi. Að loknum vinnudegi yrði grillað fyrir þau í Raggagarði og þau fengju svo frjálstan tíma til að leikja sér í garðinum fram að brottför. Áætlað er að þau fái 2 tíma fyrir grill, kynningu og leiki. Sveitarfélagið útvegi mat á grillið og ferð með rútu til og frá Raggagarði. Vinna hefst þegar þau mæta í garðinn 08.30 og verður unnið til kl; 13.00 að meðtöldu kaffihléi. Frá 13.00 til 15.00 verður grillað og þau fá fræðslu um garðinn ásamt því hvernig þau geta látið sína drauma rætast í framtíðinni.

- *Krakkarnir í vinnuskólanum læra um sögu garðsins og finnist þau eiga smá í garðinum og læri að bera virðingu fyrir honum í framtíðinni.*
- *Þau læra að það er gott að gefa eins og að þiggja í lífinu.*
- *Þau sjái að með dugnaði og trú á sjálfan sig og aðra er hægt að koma ótrúlegustu hlutum í verk..*
- *Allir geta látið drauma sína rætast ef þeir eru raunhæfir, hvort sem er fyrir þau sjálf eða aðra.*
- *Þau læra hversu miklu einstaklingar og/eða hópar geta áorkað til góðs fyrir samfélagið.*
- *Maður er aldrei of gamall til að leika sér og útivist á heilbrigðan hátt er góður kostur í lífinu.*
- *Einstaklingar þurfa ekki að vera ríkir eða þekktir til að geta gert góða hluti fyrir sitt samfélag.*

Með því að fá vinnuskóla frá hinum stöðunum er stuðlað að samvinnu sveitarfélaganna um fjölskyldugarðinn og viðhaldi þannig því hjarta og kærleika sem garðurinn hefur notið frá upphafi af hendi vestfirðinga og annara gesta garðsins. Raggagarður er byggður upp af áhugamannafélagi. Raggagarður er hafinn yfir alla pólitík og hreppamörk. Hann er staðsettur í Súðavík en er fyrir alla vestfirðinga og gesti þeirra.

Framkvæmdastjóri garðsins Vilborg Arnarsdóttir sæi um framkvæmdir dagsins með verkstjóra vinnuskólans og kynni fyrir krökkunum garðinn og hvetur þau áfram í að fylgja sinni sannfæringu í lífinu. Raggagarður á nokkuð af garðverkfærum sem ætti að duga fyrir hópinn.

Við getum tekið við að hámarki 25 börnum í hóp og þarf að miðast við þau ungmenni sem mega vinna í 6 tíma daglega. Mikilvægt er að þau komi með nesti fyrir kaffitímann og hafi föt eftir veðri og vinnuvetlinga.

Verkefni eru eftirfarandi;

- Hreinsa gras úr trjábeðum.
- Kantskera þar sem þarf.
- Tína burt grjóthnullunga þar sem þá er að finna á leiksvæðinu
- Klippa trén og snyrta.
- Setja sand í trjábeð þar sem þarf.
- Raka möl burtu af grassvæðum.
- Hreinsa gróður við hellurnar framan við salernishúsið.
- Annað sem þarf að vinna innan marka vinnuskóla verkefna.

Raggagarður óskar jafnframt eftir því við Bolungarvíkurkaupstað og Súðavíkurhrepp að þau leggi fram vinnudag með sama sniði. Þetta yrði því einn vinnudagur á hvert sveitarfélag, sem samanstendur af vinnu, fræðslu og skemmtun. Vinnuskóli Strandabyggðar var með á síðasta ári og er ætlunin að finna leið til að þau verði með í ár með sama sniði og hin sveitarfélögin.

Sumarið 2016 komu 30 krakkar frá Ísafjarðabæ í tveimur hópum og aðrir 15 frá Bolungarvík og 7 krakkar frá Súðavík. Ég fann ég að þau voru ánægð með þetta framtak og heimsóknina í Raggagarð. Hafði ég heyrt að þau hafi flutt erindið alla leið heim til sinna fjölskyldu og sögu garðsins einnig. Í lok dags settu niður tré fyrir sitt sveitarfélag í garðinum.

Virðingafyllst.

Fyrir hönd stjórnar Raggagarðs

Vilborg Arnarsdóttir framkvæmdastjóri

raggagardur@simnet.is

Sími 8234566

www.raggagardur.com og [facebook.com](https://www.facebook.com)



Vinnuskóli Ísafjarðar 2016.



Strandabyggð að gróðursétja tré.



Bolvíkingar og Súðvíkingar að hlusta á fyrirlestur um sögu Raggagarðs